

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Keflavíkurhöfn, Reykjanesbæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Iðnaðar- og hafnarsvæði við Keflavíkurhöfn verður miðsvæði.
- Þjónustusvæði norðan Iðjustígs verður miðsvæði og stækkar til norðurs þannig að úti-  
vist - opið svæði minnkar.
- Merkingarnar S1 og S21 falla niður og fallið er frá að gera fyrirhugaðan veg í fram-  
haldi af Flugvallarvegi á milli Hafnargötu og Bakkastígs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. apríl 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013, Arnargerði.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013 frá 16. mars 1995.

Breytingin felst í stækkun á félagssvæði hestamanna til norðvesturs og suðvesturs meðfram Svínvetningabraut vegna fyrirkomulags skeiðvallar. Óbyggt svæði breytist í opið svæði (útvistarsvæði) til sérstakra nota auk þess sem lega reiðstíga breytist.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Blönduóss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. apríl 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*